

*Parísaryfirlýsing: Áskorun um fjárfestingar allra þjóða í framtíð menntunar*

**Inngangsorð**

1. Við, þjóðhöfðingjar og ríkisstjórnarleiðtogar, ráðherrar og fulltrúar í sendinefndum, stjórnendur ríkjasamtaka, fulltrúar almannasamtaka, ungmenna og kennara, styrktarstofnana og einkafyrirtækja, komum saman hinn 10. nóvember 2021 á alþjóðafundi um menntamál (2021 GEM). Við fögnum þeim mikla vilja til athafna sem fram kom hjá öllum sem sátu fundinn hér í París í Frakklandi, einni af höfuðborgum heimsins á sviði menntamála.
2. Afar aðkallandi er að bregðast við þeim miklu erfiðleikum og þeim ójöfnuði sem vart verður á sviði menntamála og COVID-19-faraldurinn hefur aukið á. Það ástand getur gert að engu árangurinn sem náðst hefur í vinnunni við heimsmarkmið um sjálfbæra þróun til ársins 2030 og orðið til þess að jaðarhópar og nemendur sem eiga undir högg að sækja dragist enn meira aftur úr en orðið er, einkum fólk sem býr við fátækt, íbúar á afskekktum svæðum og í dreifbýli, konur og stúlkur, þolendur hamfara og átaka og fólk með fötlun.
3. Faraldurinn hefur reynst efnahagskerfum heimsins þungur í skauti og við erum uggandi yfir því hversu hart hann bitnar enn á fjárveitingum til menntamála, einkum í ríkjum þar sem meðaltekjur eru lágar eða í lægra meðallagi, en af þeim fjármunum sem notaðir voru til að örva hagkerfið vegna COVID-19 í þeim ríkjum rann minna en 1% til menntamála.
4. Við teljum að markmið um jafnræði, gæði og skilvirkni stangist ekki á þegar kemur að menntamálum. Þau hafa stuðning hvert af öðru ef ákvarðanir um fjárveitingar til menntamála eru byggðar á sannreyndum upplýsingum og hugað að samlegðaráhrifum og skynsamlegum málamiðlunum.
5. Við ítrekum mikilvægi þess að ríki heims hafi með sér samstarf og að sem flestir sem láta sig málaflökkinn varða leggi sig fram um að vekja athygli á menntun sem ómissandi þætti í vinnunni við enduruppbyggingu eftir COVID-19 og þeirri nauðsyn að byggja upp menntakerfi og samfélög sem eru viðnámsþolin, þjóna öllum, sinna nýsköpun og tryggja framþróun í kynjamálum. Við fögnum og lýsum stuðningi við yfirstandandi endurskoðun alþjóðlegs samstarfsfyrirkomulags um menntun og nýja stýrinefnd ráðherra og háttsettra embættismanna vegna heimsmarkmiðs 4 um sjálfbæra þróun (Menntun fyrir alla), sem var kynnt til sögunnar opinberlega í dag.
6. Við lýsum ánægju með skýrslu alþjóðanefndar um framtíð menntunar, en í henni er skorað á stjórnvöld ríkja heims, aðila í menntakerfi landanna og almenning um heim allan að vinna að gerð nýs samfélagssáttmála um menntun á grundvelli eftirfarandi tveggja grundvallarreglna: að öllum sé tryggður réttur til vandaðrar menntunar alla ævi og að menntun verði eflað sem almanna- og samgæði.

**Stöndum við loforðin: verjum fé til menntamála**

7. Menntun er þess eðlis að fjárveitingar til hennar verða að byggjast á traustum og varanlegum grunni. Við erum staðfastlega þeirrar skoðunar að innlend tekjuöflun – einkum með skattheimtu – sé ómissandi í þessu samhengi og að hún verði hér eftir sem áður helsta uppspretta fjárframlaga til menntamála. Við vísum í því tilliti til fyrri áskorana um að leggja sérstaka áherslu á, verja og auka innlend fjárframlög til menntamála, þar á meðal Kenyatta-yfirlýsingar þjóðhöfðingja og ríkisstjórnarleiðtoga í þróunarlöndum sem eiga aðild að alþjóðasamvinnu (Global Partnership) í menntamálum.

8. Við hvetjum ríkisstjórnir allra landa til að uppfylla svo fljótt sem auðið er skuldbindingarnar sem þær tókust á hendur á heimsþingi um menntun (World Education Forum) í Incheon árið 2015 og á alþjóðafundum um menntun árin 2018 og 2020:

- Til menntamála sé varið að minnsta kosti 4–6% vergrar þjóðarframleiðslu og/eða að minnsta kosti 15–20% allra opinberra útgjalda.
- Af fjárveitingum til að örva efnahag landanna sé nægilega háu hlutfalli varið til menntamála, einkum markvissra stuðningsaðgerða til að hjálpa nemendum úr jaðarhópum að hefja skólagöngu (eða setjast á skólabekk að nýju), vinna upp tapaðan skólatíma og öðlast betri félagslega og tilfinningalega líðan, svo og starfsþjálfunar til að auka atvinnumöguleika.
- Aðstoð við önnur ríki á sviði menntamála verði aukin og gerð fyrirsjáanlegri og árangursríkari með því a) að fullnægja viðmiðinu um að 0,7% af vergum þjóðartekjum renni til opinberrar þróunaraðstoðar í þróunarlöndum, b) að láta stærra hlutfall opinberrar þróunaraðstoðar renna til menntamála og c) að tryggja að í tengslum við alþjóðlega aðstoð til menntamála sé tekið mið af námskrám viðkomandi landa og sjónarmiðum um eðlilegan árangur af slíkri aðstoð.

9. Við hvetjum ríkisstjórnir allra landa til að marka sér stefnu um að auka framlög til menntamála og nýta þau framlög á skilvirkan hátt til að tryggja öllum vandaða menntun á jafnræðisgrundvelli og tækifæri til náms ævilangt. Til að svo megi verða ber að

- i. auka tekjuöflun til að geta hækkað framlög til menntamála, og huga þá einkum að ráðstöfunum sem styrkja skattkerfið og gera það réttlátara, ásamt því að beita nýrri hugsun að því er varðar fjármögnunarleiðir og samstarf hins opinbera og einkaaðila,
- ii. sjá til þess að mikilvæg stefnumál sem tryggt geta endurreisn og hraðari þróun í átt að heimsmarkmiði 4 njóti fullnægjandi fjármögnunar, þar á meðal góð umönnun og menntun á jafnræðisgrundvelli frá unga aldri fyrir alla þjóðfélags hópa, nám og starfsþróun kennara, færni sem eykur starfsmöguleika ungs fólks og stafræn umskipti í menntakerfinu.

## Leiðin framundan

10. Við hyggjumst halda áfram samræðum og því endurnýjaða samstarfi um fjármögnun menntunar og skipulega eftirfylgni með árangri menntakerfa sem hleypt var af stokkunum í dag, og skorum á UNESCO, svo og aðildarríki og samstarfsaðila samtakanna, að starfa saman að rannsóknum, stefnugreiningu, kynningar- og upplýsingastarfi og hæfnipróun með aðstoð stýrinesfndar ráðherra og háttsettra embættismanna vegna heimsmarkmiðs 4 og þeirra verkfæra sem hún hefur til ráðstöfunar, meðal annars Global Education Observatory, sem er alþjóðleg upplýsingastofnun um menntamál.

11. Við veitum stýrinesfnd ráðherra og háttsettra embættismanna formlegt umboð til: i) að ákveða á árlegum fundi sínum árið 2022, í samráði við aðildarlönd sín og aðildarsamtök, hvaða stefnumarkandi og efnislegum áherslum skuli fylgt í alþjóðlegu samstarfi um menntamál fram til ársins 2025, ii) að ákveða hvaða aðgerðir helst skuli ráðist í til að afla þeirra gagna sem á vantar til að geta fylgt vinnunni við heimsmarkmið 4 eftir á fullnægjandi hátt og iii) að ákveða hvaða aðgerðum skuli mælt með til að auka fjárveitingar til menntamála og tryggja að fjármunir séu nýttir á skilvirkari og sanngjarnari hátt, með það fyrir augum að vinna helstu stefnumálum og örvandi aðgerðum brautargengi, auk skuldbindinga samkvæmt Parísaryfirlýsingu frá alþjóðafundi um menntun 2021.

12. Við beinum því til forystufólks allra ríkisstjórna og samstarfsaðila að lýsa stuðningi við þessa Parísaryfirlýsingu og lýsum okkur sjálf reiðubúin að leggja fjármuni til menntamála til hagsbóta fyrir framtíð mannkyns og jarðarinnar.